

Eyjafjarðarsveit  
b/t Vigfús Björnsson  
Skólatröð 9  
601 Akureyri

Reykjavík, 24. október 2019  
UST201910-213/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2018 – 2030 -**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar er barst 21. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018 – 2030.

Í greinargerð kemur fram að breytingin er í sex liðum: íbúðarsvæði við Jórdísarstaði, verslun, þjónusta og frístundabyggð við Leifstaði, verslun og þjónusta / afþreyingar- og ferðmannasvæði við Hólsgerði og Úlfá, fjögur skógræktarsvæði, vegtenging í Hrafnagilshverfi og efnistaka í Eyjafjarðará.

#### **Jórdísarsvæði – íbúðarsvæði.**

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að stækka Íbúðarsvæði ÍB25 við Jórdísarstaði til norðurs úr 13,5 ha í 17,5 ha en breytingin er til komin vegna áforma landeiganda að skipuleggja íbúðabyggð á svæðinu.

Þar sem skipulagstillagan tekur til íbúðarsvæðis utan þéttbýlisstaða sveitarfélagsins þá telur stofnunin mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvernig hún samrýmist kafla 2.1.1 í Landskipulagsstefnu þar sem fjallað er um sjálfbæra byggð í skipulagsáætlunum, en þar segir: „Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.“

#### **Leifsstaðir - verslun og þjónusta, frístundabyggð og óbyggð svæði**

Í greinargerð kemur fram að breyting á aðalskipulagi mun felast í því að íþróttasvæði ÍP2 fellur út og breytist hluti svæðisins í svæði fyrir verslun og þjónustu. Svæði VP4 stækkar úr 0,7 ha í 7,7 ha. Breytingin er til komin vegna áforma landeiganda að skipuleggja svæðið fyrir frekari ferðaþjónustu, s.s. gistiheimili, veitingasölu, orlofshús, gistihýsi og tjaldsvæði.

Hér er um að ræða fjölbreytta ferðaþjónustu, en í lýsingu kemur ekki fram hversu umfangsmikil hún verður. Umhverfisstofnun bendir á að tillagan fellur mögulega undir lið 12.05 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, en þar segir að þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi og á verndarsvæðum á láglendi utan þéttbýlis, orlofsþorp, hótél og tengdar framkvæmdir utan þéttbýlis falla undir B flokk framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun bendir framkvæmdaaðila á að hafa samband við Skipulagsstofnun til að fá úr því skorið hvort tillagan falli undir ofangreindan lið.

### Skógrækt

Í greinargerð kemur fram að breyting á aðalskipulagi mun felast í því að fjögur svæði verða skilgreind sem skógræktar- og landgræðslusvæði þar óskað hefur verið eftir að hefja nytjaskógrækt.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að vistgerðir sem skógræktarsvæðin ná til séu skilgreind til þess að hægt sé að meta umhverfisáhrif skógræktarinnar.

Í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins segir m.a. á bls. 47.: „*Á svæðum sem hafa sérkenni og eiginleika sem skógrækt getur spilt s.s. vegna náttúrufars, auðlinda, útivistargildis, fornleifa eða söguminja verði skógrækt takmörkuð eða óheimil.*“

Mikilvægt er að fjalla um hvort skógræktarsvæðin raski vistkerfum sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á að t.d. vestan við Teig er mikið votlendssvæði, svæði sem eru vernduð skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og hafa vistgerðina starungsmýrarvist sem er með mjög hátt verndargildi.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun minnir á að í 70. gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem fjallað er um ræktun segir: „*Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Við gerð áætlana, mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfisskyldrar ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða.*“

Við öll áform skógræktar bendir Umhverfisstofnun á nýtingu innlendra tegunda og að trjám sé ekki plantað á svæðum sem eru mikilvæg búsvæði fyrir vaðfugla (mófugla) sem nýta sléttlendi. Einnig er mikilvægt að öll skógrækt á svæðinu verði vel skipulögð og falli vel að svipmóti lands og einkennum landslags. Umhverfisstofnun minnir á markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt sem er m.a. að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni og tryggja að skógrækt verði í samræmi við skipulagsáætlanir og náttúruvernd.

Skógrækt á svæðinu þyrfti að vera skipulögð á þann hátt að hún verði ekki til þess að skerða búsvæði þessara fugla. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að allri skógrækt sé

hagað á þann hátt að hún ógni ekki líffræðilegri fjölbreytni innlendrar flóru svæðisins né búsvæðum fugla.

### **Efnistaka í Eyjafjarðará**

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir breytingum á skilmálum fyrir efnistöku í Eyjafjarðará

Umhverfisstofnun bendir á að Eyjafjarðará fellur undir lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Fyrirhuguð efnistökusvæði, samkvæmt gildandi aðalskipulagi er innan vatnshlota nr: 102-1649-R Eyjafjarðará 1.

Samkvæmt markmiðum reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Vistfræðilegt ástand byggir á líffræðilegum, vatnsformfræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum. Ef vatnshlot nær ekki umhverfismarkmiðum reglugerðarinnar þarf að fara í aðgerðir til að gott ástand náist.

Umhverfisstofnun bendir á að efnistaka í ám telst til vatnsformfræðilegra breytinga og geta þær breytingar haft áhrif á líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar námur falli vel að umhverfinu eins og kostur er, hugað sé að ásýnd námusvæðanna og fjallað sé um frágang þeirra í breytingartillögunni. Þessu tengt bendir Umhverfisstofnun á vefsíðuna [www.namur.is](http://www.namur.is) þar sem finna má upplýsingar um frágang efnistökusvæða.

### **Bakkagróður**

Þar sem tillagan fjallar um efnistöku í Eyjafjarðará bendir Umhverfisstofnun á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson  
sérfræðingur



Björn Stefánsson  
sérfræðingur